



## SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

### STARFSÁRIÐ 2023

Skýrsla framkvæmdastjóra er óvenjuleg að því leiti að í mars 2023, óskaði Jónína Sif Eyþórsdóttir eftir tímabundnu leyfi frá störfum sem framkvæmdastjóri ÆSKÞ. Í hennar stað var Sólveig Franklinsdóttir ráðin til starfa um miðjan apríl það ár, með möguleika á framhaldsráðningu kæmi Jónína Sif ekki aftur til starfa. Nú er orðið ljóst að Jónína Sif snýr ekki aftur til félagsins þar sem hún heldur á önnur mið. Jónína Sif færir öllum sínar bestu kveðjur og þakkir fyrir samstarfið undanfarin ár og óskar félaginu og Sólveigu góðs gengis í framtíðinni.

Árið hefur sannarlega verið viðburðaríkt og krefjandi. Það er margt sem nýr framkvæmdastjóri þarf að læra og kynna sér og vil ég í því samhengi færa Katrínu Helgu Ágústsdóttur, gjaldkera félagsins, sérstakar þakkir fyrir alla hjálpinu við að setja mig inn í hin ýmsu málefni og hvetja mig áfram.

Um mitt sumar kom upp sú staða að ekki yrði hægt að halda landsmót á Akranesi eins og til stóð m.a. vegna myglu er kom upp í húsnæði skóla bæjarfélagsins. Þá voru góð ráð dýr og hafist var handa við að finna nýjan mótssatað. Svo fór að Landsmót ÆSKÞ, Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar, var haldið á Egilsstöðum helgina 13.-15. október 2023. Mikil eftirvænting og spenna var fyrir mótinu sem hefur ekki verið haldið frá því árið 2019. Rúmlega tvö hundruð ungmenni og leiðtogar voru saman komin víðs vegar að af landinu og gekk mótið vel og voru allir til sóma og fóru glaðir heim.“ Yfirskrift mótsins í ár var **Fögnum fjölbreytileikanum**.

Þátttakendur æfðu sig í að elska og virða hvert annað bæði að utan sem innan og fögnuðu þannig þeirri fjölbreytni sem er að finna hjá okkur öllum. Með kærleika, umhyggju og virðingu gátu þátttakendur fundið nýja styrkleika, skemmtun og skilning á sjálfum sér og hjá hvert öðru og í umhverfinu öllu. Þá var dagskrá mótsins öll hin glæsilegasta og öll framkvæmd eins og best verður á kosið. Má þar nefna „Flæðimessu“ eða „Messy Church“ þar sem sr. Dagar Fannar Magnússon fræddi og þjónaði, ásamt leiðtogum mótsins. Tíu verkefnastöðvar voru í boði, þar sem þátttakendur bjuggu m. a. til hnött úr pappamassa, (sjá mynd hér fyrir neðan) skuggabréður og vistkerfi í kassa. Þá var himingeimurinn málaður, unnið með tilfinningar með lituðu vatni, dýr og menn voru fönndruð og límd á hnöttinn og smakkað á poppi með ýmsum bragðtegundum. Einnig var margs konar hópastarf í boði, bæði innan- og

utandyra, ásamt sundlaugarpartýi, hæfileikakeppni, balli og helgistundum.“ Það er mikil vinna sem liggur að baki móti sem þessu og lagði ÆSKÞ gífurlegan metnað í mótið.

Landsmótsstjóri var Berglind Hönnudóttir sem sá um skipulagningu ásamt framkvæmdastjóra ÆSKÞ og landsmótsnefnd.

Þá voru sjálfboðaliðar mótsins „algjörlega ómissandi og stóðu sig gríðarlega vel í hinum ýmsu krefjandi verkefnum. Með því að skoða og þroska sjálfa sig í gegnum leiki, hópavinnu, verkefni og listir fengu þátttakendur tækifæri til að upplifa kærleika og þróa með sér hæfni til að takast á við veruleikann sem þeir mæta hverju sinni.“

Að lokum er vert að minna á að: „Við erum sköpunarverk Guðs og líkt og þegar við leggjum okkur fram um að vernda og virða náttúruna þá skiptir máli að við leggjum okkur fram um að vernda, virða, styrkja og efla okkur sjálf.“

Einnig vil ég koma á framfæri þökkum til grunnskólans, sundlaugarinnar, Hótels Valaskjálf og kirkjunnar á Egilsstöðum og til allra leiðtoganna, bílstjóranna og þeirra einstaklinga og fyrirtækja er studdu við landsmótið með einum eða öðrum hætti.

Landsmóti ÆSKÞ á Egilsstöðum 2023 verður kannski best lýst með lokaljóðinu sem sr. Magnús Magnússon sóknarprestur í Húnavatnsprestakalli orti í rúttunni á heimleið við lagboðann Fyrr var oft í koti kátt:

*Á Egilsstöðum undum sátt  
æskan lék sér saman  
þar löngum hlegið hátt  
hent að mörgu gaman.  
Sköpun heimsins skýrð út þar  
skondnar sagðar sögur  
fjölbreytninni fagnað var  
framhá streymdi Lögur.*

*Margt eitt kvöld og margan dag  
mættum við í fæði  
síðan sungum ljúflingslag  
saman öll í næði.  
Landsmótsnefnd og lýður kær  
ljúft þið glödduð krakka  
Bella, Solla; báðar tvær  
best má ykkur þakka. “  
slg*

ÆSKP á ekki fulltrúa í stjórn EF að þessu sinni það væri ákaflega mikilvægt fyrir sambandið að við tækjum sæti í stjórn í komandi framtíð. Því er mikilvægt að þeir sem hafa áhuga á erlendu samstarfi og samtali við ólíkar deildir kristinnar kirkju sem og á þvertrúarlegum málefnum bjóði fram krafta sína.

Eitt af markmiðum ÆSKP er að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnast ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi og viljum við því enn og aftur hvetja aðildarfélögin okkar til þess að senda þátttakendur á þau námskeið sem eru í boði. Auk þess sem við getum haft milligöngu um alþjóðleg samstarfsverkefni ef áhugi er fyrir hendi hjá einhverjum æskulýðsfélögum.

*Virðingarfyllst,*

*Sólveig Franklinsdóttir,*

*Framkvæmdastjóri ÆSKP*